

2011

Miðvikudaginn 19. október 1994.

Nr. 424/1994.

Rannsóknarlögregla ríkisins

gegn

Unnari Sigurði Hansen

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald. C-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 12. október sl., sem barst réttinum 13. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími. Þá krefst varnaraðili kærumálskostnaðar.

Af hálfu sóknaraðila er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar. Sú krafa er nú eingöngu byggð á ákvæðum c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Af hálfu sóknaraðila hefur verið lýst yfir í greinargerð til Hæstaréttar, að í þágu rannsóknar sé ekki lengur þörf á, að varnaraðili sæti gæsluvarðhaldi, þar sem Halldór Svavar Ólafsson, sem um getur í hinum kærða úrskurði, hafi verið handtekinn eftir uppkvaðningu hans og játað að hafa átt þátt í umræddu innbroti að Bíldshöfða 14 í Reykjavík með varnaraðila.

Með dómi Hæstaréttar 18. ágúst sl. í málinu nr. 354/1994 var varnaraðila gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til fimmtudagsins 29. september sl. á grundvelli a- og c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Að því athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur með vísan til c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

2012

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 12. október 1994.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess, að Unnari Sigurði Hansen, kt. 170966-4659, Bröttukinn 6, Hafnarfirði, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 25. nóvember nk. kl. 16.00 vegna grunar um ýmis brot hans gegn almennum hegningarlögum nr. 19/1940 og lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974.

Kærði mótmælti kröfunni um gæsluvarðhald, en gerði til vara þá kröfu, að gæsluvarðhaldinu yrði markaður styttri tími.

— — —

Grunur leikur á, að kærði hafi framið brot gegn almennum hegningarlögum nr. 19/1940 og lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, og geta þau brot varðað hann fangelsi. Þá bera rannsóknargögn málsins það með sér, að rökstuddur grunur leikur á, að kærði hafi gerst sekur um refsiverð brot í Danmörku síðastliðið sumar. Með hliðsjón af þessu svo og sakaverli kærða hér á landi þykir verða að taka kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins til greina, eins og hún er fram sett, með vísan til framangreindra a- og c-liða 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Arnfríður Einarsdóttir dómarafulltrúi kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Unnar Sigurður Hansen, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 25. nóvember 1994 kl. 16.00.
